

Stígamót 30 ára

Þrjátíu ár eru kannski ekki langur tími í sögu þjóðar. En sú saga sem Stígamót hafa skrifað á undanförnum þremur áratugum hefur markað djúp spor í íslensku samfélagi. Ef horft er aftur til ársins 1995, sem þó virðist svo nærri í tíma, blasir við önnur mynd en við þekkjum nú. Eða hefði #metoo hreyfingin getað spröttið upp hér á landi á því ári? Reyndar voru hvorki til samfélagsmiðlar né myllumerki, en umfram allt hafði vitundarvakning um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis ekki átt sér stað, sú vitundarvakning sem Stígamót hafa átt svo stóran þátt í.

Sannleikurinn er ekki alltaf þægilegur og það hefur tekið okkur sem samfélag langan tíma að horfast í augu við ofbeldi og áreitni sem konur í öllum lögum íslensks samfélags hafa mátt þola í tímans rás. Smám saman erum við að læra hvernig mismununin birtist í tilfelli kvenna sem tilheyra minnihlutahópum, svo sem kvenna af erlendum uppruna og fatlaðra kvenna, svo aðeins tvö dæmi séu nefnd. Það skiptir máli að halda áfram að læra, halda áfram að hlusta, því við þurfum að skilja vandann til að uppræta hann. Þar eiga Stígamót miklar þakkir skildar, fyrir að hlusta á konur - og karla og fólk af öllum kynjum – og miðla þekkingu til okkar allra. Og fyrir að gefast aldrei upp, þótt hlustunarskilyrði hafi ekki alltaf verið fyrir hendi.

Gagnrýni á réttarkerfið hefur verið rótgróinn partur af þessari baráttu, eðlilega, enda takmarkanir þess ápreifanlegar þegar litið er til tölfræði um ofbeldi gegn konum annars vegar og svo þess fjölda sem réttarkerfið nær utan um hins vegar. En einmitt þess vegna eru umbætur innan réttarkerfisins afar mikilvægar og má segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar í þeim efnum undanfarinn áratug. Málsmeðferð kynferðisbrota hefur breyst til hins betra, með það sjálfsagða markmið að leiðarljósi að konur sem leita réttar síns snúi ekki úr því ferli verr settar en þær fóru að stað. Í þessu samhengi er niðurstaða máls ekki endilega meginatriðið, þótt vissulega skipti hún miklu máli, heldur ferlið; viðmót, samskipti, upplýsingar og svo mætti áfram telja. Nú er unnið eftir metnaðarfullri aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota en til hennar var veitt tæplega 300 milljónum króna á ársgrundvelli, auk þess sem öðrum 300 milljónum króna var veitt til að uppfæra verklagsreglur og gæðastaðla og tryggja rafrænt gagnaflæði. Þessar fjárhæðir hafa skipt sköpum við að efla rannsóknir lögreglu, en málafjöldi hefur aukist um leið og því hefur málshraði ekki minnkað því marki sem við hefðum óskað. Innan dómsmálaráðuneytisins er einnig unnið að lagabreytingum sem lúta að réttarstöðu brotaþola og byggja á tillögum stýrihóps á mínum vegum og greinargerð Hildar Fjólú Antonsdóttur, sem situr nú einmitt í stjórn Stígamóta. Sami stýrihópur hefur líka gert viðamiklar tillögur um stefnumótun til verndar

kynferðislegri friðhelgi, sem inniheldur meðal annars drög að lagabreytingum sem lúta að svokölluðu stafrænu kynferðisofbeldi. Í þeim efnum hefur löggjöfin ekki náð að fylgja hröðum tæknibreytingum, sem hefur birst í mismunandi dómaframkvæmd og oft slæmri upplifun brotþola.

Það er sama hvar er borið niður, niðurstaðan er alltaf sú að við þurfum að standa betur að forvörnum og fræðslu. Þess vegna var það gleðiefni að nú á föstudag samþykkti ríkisstjórnin áætlun sem ég mun leggja fram á Alþingi í formi þingsályktunartillögu og miðar að því að stórefla forvarnir og fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Markmiðið er að samþætta forvarnir skólastarfi á öllum skólastigum, og beina þeim einnig í gegnum frístundarheimili, félagsmiðstöðvar og íþrótt- og æskulýðsstarf. Er meðal annars lagt til að tryggja fjármögnun til fræðslu Stígamóta í félagsmiðstöðvum, sem hefur farið fram undir merkjum átaksins Sjúk ást. Ráðist verður í námsefnisgerð og gerð netnámskeiða fyrir allt fólk sem starfar með börnum og unglingum, því við þurfum að tryggja að við, fullorðna fólk, byggjum upp umhverfi jafnréttis og virðingar í kringum börnin okkar, grípum inn í skaðleg samskipti þar sem við getum og hlustum á börn og ungmenni þegar þau reyna að segja okkur frá. Sá tími þar sem þolendur þurfa að lifa í þögn í 5, 10, 20 eða 50 ár – hann á að vera liðinn.

Góðir gestir,

Alþjóðlegum baráttudegi kvenna er fagnað í dag í skugga bakslags gegn mannréttindum kvenna. Öfgahreyfingum vex víða fiskur um hrygg og margar setja þær spurningamerki við algild mannréttindi kvenna, reyna að draga úr aðgengi að heilbrigðisþjónustu, loka kvennaathvörfum og skera jafnvel upp herör gegn kynjafræði. Á sama tíma stendur kvannahreyfingin frammi fyrir ýmsum strembnum viðfangsefnum. Deilt er um skilgreiningar og aðgerðir gegn vændi og um áhrif klámiðnaðarins á jafnrétti kvenna og karla. Spenna er á milli þeirra sem telja kynjajafnrétti, eða jafnrétti almennt, vera einu réttu nálgunina og hinna sem telja að kvenfrelsi eigi að vera í fyrirrúmi. Kvennaathvörf og fjölmörg samtök sem mætti sennilega vísa til sem systursamtaka Stígamóta eru víða fjársvelt, ekki aðeins í fjarlægum löndum heldur líka víðs vegar í Evrópu. Andspænis slíkum veruleika getur reynst þrautinni þyngra að standa að samtali og samvinnu svo blása megi til sóknar fyrir réttindi kvenna og gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Forsætisráðuneytinu barst á dögunum erindi frá litlum hópi kvenna undir forystu Liz Kelly, prófessors og baráttukonu sem ég veit að er Stígamótum að góðu kunn. Þar var óskað eftir því að Ísland byði fram aðstöðu fyrir heimsfund samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og veita þolendum þjónustu. Slíkur fundur var haldinn í Brighton á Englandi árið 1996, eða einmitt ári eftir Peking-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Það er því við hæfi að slíkur fundur verði haldinn nú, 25 árum síðar og þótti skipuleggjendum Ísland kjörin staðsetning, meðal annars með vísan til lýðræðis og friðar og til vel heppnaðrar #metoo ráðstefnu sem við stóðum fyrir sl. haust.

Það er mér sérstakt gleðiefni að greina frá því hér að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum á föstudag að veita þessu verkefni brautargengi og að borgarstjórinn í Reykjavík hefur gert það sömuleiðis. Við höfum tekið Hörpu frá 6.–8. maí 2021 – dragið upp dagbækurnar – og nú fer að stað vinnan við að tryggja þátttöku kvennasamtaka hvaðanæva úr heiminum. Ég geri ráð fyrir að Stígamót og fleiri samtök hérlendis komi að þessu verkefni með virkum hætti.

Ég hef lagt á það þunga áherslu að ef Ísland ætlar að standa undir nafni sem leiðandi ríki á sviði kynjajafnréttismála þá er það skylda okkar að halda áfram að uppræta kynbundið misrétti. Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi er skýrasta birtingarmynd misréttisins og bæði orsök þess og afleiðing.

Um leið og ég óska Stígamótum til hamingju með afmælið, ítreka ég þakkir mínar til ykkar fyrir óþrjótandi baráttu undanfarin 30 ár, baráttu sem hefur sannarlega verið íslensku samfélagi til heilla.

Til hamingju með daginn.